

REGLUGERÐ um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.

Markmið

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru tiltekin hættuleg efni sem talin eru upp í 3. gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra.

Skilgreiningar

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafhlaða eða rafgeymir: Uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku. Rafhlöður og rafgeymar eru samsett er úr einni eða fleiri frumrafhlöðum, sem ekki er hægt að endurhlaða, eða endurhlaðanlegum rafhlöðum.

Notuð rafhlaða eða rafgeymir: Rafhlaða eða rafgeymir sem ekki er hægt að nota aftur og á að endurvinnna eða farga.

Söfnunarstaður: Staður þar sem almenningur getur skilað notuðum rafhlöðum og/eða rafgeymum, t.d. bensínafgreiðslur, ýmsar verslanir og gámastöðvar.

Gildissvið

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rafhlaðna og rafgeyma sem í er,

- a) meira en 0,0005% kvikasilfurs (Hg) miðað við þyngd,
- b) meira en 0,025% kadmíums (Cd) miðað við þyngd,
- c) meira en 0,4% blýs (Pb) miðað við þyngd.

Takmarkanir

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota rafhlöður eða rafgeyma sem í eru meira en 0,0005% af kvikasilfri (Hg). Ákvæði þetta tekur einnig til rafhlaðna og rafgeyma sem eru hluti af vörum og tækjabúnaði.

Undanþegnar þessu banni eru hnapparafhlöður og rafhlöður sem samsettar eru úr hnapparafhlöðum sem í er minna en 2% kvikasilfurs miðað við þyngd.

Merkingar og meðferð

5. gr.

Rafhlöður og rafgeyma, svo og tæki og vörur sem þau eru hluti af, skal merkja á viðeigandi hátt eftir því sem við verður komið. Merkingin skal vera greinileg, auðlæsileg og óafmáanleg.

Merkingin skal upplýsa um eftirtalin atriði:

- a) sérstaka söfnun úrgangsefna; spilliefni.
- b) tegund þungmálma.

Í I. viðauka við reglugerð þessa er að finna nánari skýringar á þessu ákvæði um merkingar.

6. gr.

Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomid í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau. Þó skal tryggja að börn geti ekki náð til rafhlaðna í tækjum eða vörum ef rafhlöðurnar falla undir þessa reglugerð.

Tækjum þar sem ekki er augljóst hvernig skipta skuli um rafhlöður og rafgeyma skulu fylgja leiðbeiningar sem veita notanda upplýsingar um innihald rafhlaðnanna og rafgeymanna, ef þau eru hættuleg umhverfinu, og sýna hvernig fjarlægja megi þau á öruggan hátt.

Undanskilin þessu ákvæði eru þau tæki og notkunarvið rafhlaðna og rafgeyma sem upp eru talin í II. viðauka við reglugerð þessa.

Förgun

7. gr.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komid til söfnunarstaðar. Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit

8. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög

9. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af þeim ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 11. tl., tilskipun 91/157/EBE, um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni, ásamt breytingum í tilskipun 93/86/EBE og í tilskipun 98/101/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 571/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 30. desember 1999.



Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson

I. VIÐAUKI

Nánari skýringar á merkingarákvæðum 5. gr.

1. Merkingar sem gefa til kynna að safna eigi rafhlöðum og rafgeymum sérstaklega, og aðgreina þannig frá öðrum úrgangi, skulu samanstanda af merki með mynd af íláti á hjólum sem krossað er yfir, sbr. myndir hér að neðan:



Merkið skal þekja þrjú hundruðustu hluta stærstu hliðar rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef um er að ræða sívalninga skal merkið þekja þrjú hundruðustu af hálfu yfirborðssvæði rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm.

Ef smæð rafhlöðunnar er slík að merkið yrði minna en 0,5x0,5 cm er ekki þörf á að merkja rafhlöðuna eða rafgeyminn en prenta skal merkið í stærðinni 1x1 cm á umbúðirnar.

2. Merkingar sem upplýsa um tegund þungmálma sem rafhlöður og rafgeymar innihalda skulu sýna efnafræðitákn viðkomandi málms, Hg (kvikasilfur), Cd (kadmíum) eða Pb (blý).

Efnafræðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Tákninu skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI

Flokkar tækja og notkunarvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákveðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutækniþúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.
2. Viðmiðunarrafhlaður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlæggt.

3. Færanleg tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rok gjörn efni.